

Fundur í fagráði nautgriparæktar 24. júní 2014

Fundargerð

Fundurinn var haldinn í Nautastöðinni á Hesti og hófst kl. 13.00.

Mættir: Guðný Helga Björnsdóttir, formaður, Sigurður Loftsson, og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Björn S. Gunnarsson, Baldur Helgi Benjamínsson og Þórarinn Leifsson voru í símasambandi. Guðbjörg Jónsdóttir, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Sigrún Bjarnadóttir og Þóroddur Sveinsson boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Nýtt kynbótamat
3. Umsókn sem varð útundan á síðasta fagráðsfundi
4. Umsögn til landbúnaðarráðuneytisins um umsókn LK um innflutning á holdanautasæði
5. Frjósemi og val á nauksfeðrum
6. Ræktunarmarkmið og áherslur fagráðs
7. Önnur mál.

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Guðný Helga, formaður, setti fund og stýrði honum. Fram kom að Sigrún Bjarnadóttir tekur við af Þorsteini Ólafssyni sem stuðningsfulltrúi frá Matvælastofnun en Þorsteinn hefur nú hafið störf sem dýralæknir Nautastöðvarinnar á Hesti.

Fundargerð síðasta fundar, dags. 16. apríl 2014, samþykkt án athugasemda.

2. Nýtt kynbótamat.

Guðmundur fór yfir helstu niðurstöður úr kynbótamati sem keyrt var nú í júní, sérstaklega nautaárganga 2007-2008. Árgangur 2007 stendur vel undir fyrri dómi og hefur heldur hækkad heldur en hitt. Þó er ljóst að ekki munu koma fleiri naut úr árgangnum til notkunar en en þau átta sem verið hafa í notkun í vetur. Árgangur 2008 er í heildina ekki eins öflugur og margir fyrri árgangar en þó koma þar fram mjög öflug naut sem standa hæst í heildareinkunn allra nauta. Hins vegar er faðerni seinni hluta árgangsins þannig að þeirra einkunn verður aldrei há þar sem nautin f. 2001 hafa fallið mikið í mati frá því sem var. Synir þeirra Snotra 01027 og Spotta 01028 verða því seint háir í mati.

Fram kom óánægja með hversu seint vinnsla á kynbótamati hefði gengið að þessu sinni og að slíkt væri algjörlega óásættanlegt.

Eftirtalin naut verða í notkun sumarið 2014:

Logi 06019, Dynjandi 06024, Hjarði 06029, Víðkunnur 06034, Sandur 07014, Rjómi 07017, Húni 07041, Toppur 07046, Lögur 07047, Keipur 07054, Blámi 07058, Laufás 08003, Blómi 08017, Þáttur 08021, Flekkur 08029, Klettur 08030, Góí 08037 og Bambi 08049.

Nautsfeður næstu mánuði verða: Sandur 07014, Laufás 08003, Flekkur 08029, Klettur 08030 og Bambi 08049.

Töluvert rætt um væntanlega notkun á reyndum nautum með hliðsjón af því tvö þeirra nauta sem nú koma til notkunar eru töluvert hærri í mati en önnur naut. Ákveðið að Flekkur 08029, Klettur 08030 og Bambi 08049 verða skammtaðir til notkunar á þann hátt að þeir verði eingöngu til nota á búum í skýrsluhaldi og til grundvallar við útdeilingu á fjölda skammta verði fjöldi árskúa í maí 2014. Ástæða þess að gripið er til skömmtunar er sú að mikilvægt er að nýta erfðaefni þessara nauta sem víðast og best auk þess sem tryggja þarf sem jafnast framboð nautkálfa undan þessum nautum á stöð.

Ákveðið að henda öllu sæði úr þeim nautum sem ekki hafa komið til dreifingar í árgangi 2007 og jafnframt úr Skúm 08011, Blika 08047, Stapa 08051 og Teninigi 08068 þar sem sýnt þykir að þessi naut munu aldrei ná því mati að koma til dreifingar. Jafnframt var ákveðið að henda nánast öllu sæði úr Krúsa 08014 vegna slaks mjaltadóms. Hann mun þó að öllu óbreyttu hljóta B-dóm og þar með til sérpöntunar og því ekki rétt að henda öllu sæði úr honum að svo stöddu.

Umræðum um útgáfu nautaskrár frestað þar til í lok fundar eða þegar Sveinbjörn Eyjólfsson gæti komið til skrafs og ráðagerða en hann var bundinn yfir sæðisfrystingu á þessum tímapunkti.

Björn þurfti að yfirgefa fundinn þegar hér var komið sögu.

3. Umsókn sem varð útundan á síðasta fagráðsfundi.

Tekin fyrir umsókn í þróunarsjóð nautgriparæktarinnar.

Rannsókn á sértækri eftirspurn neytenda eftir íslensku nautakjöti samanborið við innflutt

Umsókn frá Matís ohf. Þar sem ætlunin er að mæla kaupvilja neytenda á Íslandi og hversu mikið þeir eru tilbúnir að borga meira fyrir innlent nautakjöt en innflutt. Verkefnið á að vinna í samstarfi Matís, Lbhí, HÍ og UMB School of Economics and Business, Lífvísindaháskólanum í Ási.

Rætt um umsóknina og m.a. hvort hægt væri að yfirfæra niðurstöður hennar yfir á aðrar vörur eða vörutegundir.

Afgreiðsla: Fagråd mælir með þessari umsókn og að verkefnið verði styrkt um allt að kr. 4.000.000 en leggur ríka áherslu á að niðurstöður verkefnisins verði kynntar á Fagþingi nautgriparæktarinnar í lok mars 2015.

4. Umsögn til landbúnaðarráðuneytisins um umsókn LK um innflutning á holdnautasæði.

Fagráði hefur borist erindi frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 13. júní 2014, þar sem farið er fram á álit á umsókn Landssambands kúabænda um heimild til að flytja til landsins sæði úr holdnautum af kyninu Aberdeen Angus frá Geno Global Ltd. í Noregi með vísan til 1. mgr. 4. gr. laga nr. 54/1990 um innflutning dýra. Þar segir: „Áður en leyfi til innflutnings á búfé eða erfðaefni þess er veitt skal ráðherra leita álits fagráðs í viðkomandi búgrein og skal það meta þörf eða hugsanlegan ábata fyrir íslenska búfjárrækt af slíkum innflutningi. Skal fagråd gera tillögur um hvaða kyn og tegund skuli flytja inn, með hvaða hætti og frá hvaða landi.

Nefndin¹ getur lagt til annað form á innflutningi en umsækjandi gerir ráð fyrir telji hún það tryggara og forsendur fyrir meðmælum með umsókninni.“

¹ Á væntanlega að vera fagråd.

Fagráð hefur tekið þetta mál fyrir áður og eftirfarandi verði bókað:

Fundargerð 10. október 2013

Formaður kynnti helstu niðurstöður skýrslu starfshóps um eflingu nautakjötsframleiðslu á Íslandi. Þær eru:

- I. Þegar verði hafist handa um að skapa aðstöðu til þess að flytja inn nýtt erfðaeefni til innblöndunar í íslenska holdanautastofninn. Starfshópurinn telur að flytja eigi inn erfðaeefni af holdakyninu Aberdeen Angus og á síðari stigum verði kannaðir möguleikar á innflutningi á erfðaeefni Limousin gripa. Lagt er til að erfðaeefnið verði flutt inn frá Noregi í samvinnu við ræktunarfélög þar í landi.
- II. Gerð verði ítarleg áhættugreining varðandi fyrirkomulag innflutnings á erfðaeefni. Sérstaklega verði skoðað hvort unnt verði að leyfa innflutning sæðis beint til einstakra bænda.
- III. Kannað verði hvort unnt og þá hvernig sé að koma upp sérstöku ræktunarbúi til þess að framrækta Aberdeen Angus kynið og byggja upp hreinræktaðan stofn. Þar verði jafnframt aðstaða til sæðistöku til dreifingar gegnum Nautastöð BÍ til bænda.
- IV. Þegar verði hafinn undirbúningur að upptöku á nýju kjötmati, með það að markmiði að innleiðing þess geti hafist í ársbyrjun 2014. Yfirkjötmatið komi á fót samráðshópi reyndra kjötmatsmanna frá stærstu sláturleyfishöfunum. Nýtt kjötmat verði síðan framkvæmt samhliða eldra kjötmati fram til ársloka 2014 og þá taki EUROP kjötmat við.
- V. Gerð verði úttekt á stöðu allra hjarða sem stunda nautakjötsframleiðslu sem aðalbúgrein og metið hvaða aðgerðir skila mestum árangri. Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins er hvött til þess að koma á laggirnar skipulagðri ráðgjafarþjónustu við nautakjötsframleiðendur.
- VI. Gerð verði gangskör að því að efla og bæta skýrsluhald í greininni og það verði gert að skilyrði fyrir því að fá innflutt erfðaeefni til notkunar í viðkomandi hjörð. Skýrsluhaldsforritið HUPPA verði aðlagð að þörfum nautakjötsframleiðenda.

Þá fór formaður yfir erindi frá stjórn Bændasamtaka Íslands þar sem leitað er eftir umsögn um hvaða leið fagráð telji að fara eigi varðandi innflutning holdanautaerfðaefnis.

Fram kom að Bændasamtökin hafa óskað eftir því atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að unnið verði áhættumat fyrir þá valkosti sem nefndir eru í skýrslu starfshópsins. Þorsteinn staðfesti að erindi frá ráðuneytinu þessa efnis hefði borist Matvælastofnun fyrir nokkrum dögum.

Töluverð umræða varð um málið og m.a. hlutverk fagráðs í málum sem þessum.

Formaður fór yfir afstöðu Bændasamtakanna í málinu.

Að loknum umræðum var eftirfarandi bókun sem send verður stjórn BÍ samþykkt:

„Fagráð í nautgriparækt lýsir áhyggjum af þeirri stöðu sem framleiðsla nautakjöts í landinu er í og lýst er í skýrslu starfshóps um eflingu nautakjötsframleiðslu á Íslandi.

Fagráðið telur að innflutningur erfðaefnis sé forsenda þess að hægt sé að halda uppi sjálfbæru ræktunarstarfi í holdanautastofninum þannig að möguleiki sé á að auka magn, gæði og hagkvæmni íslenskrar nautakjötsframleiðslu og leggur því áherslu á að holdanautastofninn í landinu verði kynbættur með innflutningi erfðaefnis svo fljótt sem kostur er. Fagráð leggur

jafnframt áherslu á að sú leið sem verði valin til að flytja inn erfðaeefni raski ekki dýraheilbrigði í landinu."

Fundargerð 16. apríl 2014

Áhættumat frá Matvælastofnun vegna innflutnings á nautasæði annars vegar og vegna innflutnings á fósturvísuðum hins vegar frá Geno Global Ltd í Noregi tekið til umfjöllunar ásamt afstöðu/umsagna Landssambands kúabænda og Bændasamtaka Íslands til þess.

Sigurður sagði frá því að Landssamband kúabænda hefði óskað eftir áhættumati frá Norsk Veterinærinstitutt. Enn hefðu einungis borist drög þaðan. Hann sagði jafnframt frá því að líklegasta framvinda málsins yrði sú að Landsamband kúabænda muni óska eftir því við ráðuneytið að fá flutt inn sæði á grundvelli áhættumats Matvælastofnunar og þeirra áhættuminnkandi aðgerða sem Matvælastofnun leggur til. Hann sagði að komið hefði fram fullur vilji til þess að hraða málinu innan ráðuneytisins. Áhættumatið væri hins vegar enn í umsagnarferli.

Gunnfríður spurði um hvernig þau bú sem flutt yrði sæði inn á yrðu valin, hvort um val yrði að ræða eða hvort þau myndu sækja um. Ljóst væri að til þeirra yrðu gerðar strangari kröfur en ella.

Sigurður sagði að fyrir það fyrsta yrði að liggja fyrir hvaða kvaðir yrðu lagðar á búin áður en nokkra ákvörðun væri hægt að taka þar að lútandi. Að öllum líkindum yrði þó að velja ákveðin bú sem uppfylltu eða gætu uppfyllt þær kröfur sem gerðar væru.

Töluverðar umræður urðu um málið en í kjölfar þeirra var ákveðið að fagráð myndi senda eftirfarandi álit frá sér:

„Fagráði í nautgriparækt hefur borist erindi frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, dags. 13. júní sl., þar sem óskað er eftir álit fagráðs á umsókn Landssambands kúabænda um heimild til að flytja inn sæði úr holdanautum af Aberdeen Angus frá Geno í Noregi, um þörf eða hugsanlegan ábata fyrir íslenska nautgriparækt vegna þessa innflutnings. Fagráð gefur hér með álit sitt á umræddri umsókn samkvæmt 4. gr. laga nr. 54/1990 um innflutning dýra.

Á fundi fagráðs í nautgriparækt sem haldinn var 10. október 2013 var samþykkt svofelld bókun um stöðu nautakjötsframleiðslunnar og holdanautastofnanna:

„Fagráð í nautgriparækt lýsir áhyggjum af þeirri stöðu sem framleiðsla nautakjöts í landinu er í og lýst er í skýrslu starfshóps um eflingu nautakjötsframleiðslu á Íslandi.

Fagráðið telur að innflutningur erfðaefnis sé forsenda þess að hægt sé að halda uppi sjálfbæru ræktunarstarfi í holdanautastofninum þannig að möguleiki sé á að auka magn, gæði og hagkvæmni íslenskrar nautakjötsframleiðslu og leggur því áherslu á að holdanautastofninn í landinu verði kynbættur með innflutningi erfðaefnis svo fljótt sem kostur er. Fagráð leggur jafnframt áherslu á að sú leið sem verði valin til að flytja inn erfðaeefni raski ekki dýraheilbrigði í landinu."

Yfirburðir Angus gripa framyfir íslenska kúastofninn hvað kjötframleiðslueiginleika varðar, voru staðfestir í samanburðartilraun sem gerð var á tilraunabúinu að Möðruvöllum í Hörgárdal árin 1997-1999. Þar voru bornir saman hreinræktaðir gripir af íslenskum stofni, hálfblendingar af Angus stofni og hálfblendingar af Limousin stofni. Blendingarnir voru undan nautum sem voru afrakstur

fósturvísaf lutninga til Íslands frá Danmörku árið 1994, á vegum Nautastöðvar Landssambands kúabænda.

Þessi samanburður leiddi í ljós að fódurnýting Angus blendingsnautanna var 12% betri en hreinna íslenskra nauta, fallþungi blendinganna við sama eldistíma var 25% meiri en hinna íslensku, flokkun blendinganna var stórum betri og þeir skiluðu tæplega þrefalt meiri framlegð en íslensku gripirnir (Þóroddur Sveinsson og Laufey Bjarnadóttir, 2000. Samanburður á alíslenskum, Angusxíslenskum og Limósínxíslenskum nautgripum. I – Át, vöxtur og fódurnýting. Í: Ráðunautafundur 2000, 179-195).

Ástæða er til að ætla að munurinn hefði verið enn meiri ef hreinræktaðir Angus gripir hefðu verið bornir saman við gripi af íslenskum stofni. Þá má einnig gera ráð fyrir að umtalsverðar erfðaframarir hafi orðið hjá Angus gripum í framangreindum eiginleikum; fódurnýtingu, vaxtargetu og holdfyllingu, á þeim 20 árum sem liðin eru frá því að stofninn var fluttur hingað til lands.

Samkvæmt upplýsingum frá TYR, ræktunarfélagi norskra holdanautabænda, er í ræktunarstarfi Angus gripa í Noregi lögð áhersla á góða fódurnýtingu, léttan burð og mjólkurlagni kúnna, mikla holdfyllingu og meyrni kjötsins. Allt þetta stuðlar að meiri hagkvæmni, bættum vörugæðum og aukinni dýravelferð.

Í skýrslu starfshóps um eflingu nautakjötsframleiðslunnar sem skilað var til ráðherra 3. júlí 2013 segir m.a.: „Allar þær leiðir sem hingað til hafa verið leyfðar við innflutning erfðaefnis í nautgriparækt hafa í för með sér mikinn kostnað sem greinin getur ekki borið ein og því þarf að koma til samfélagslegur stuðningur. Það er því nauðsynlegt að fá úr því skorið hvort leyfi fengist fyrir því að flytja inn sæði úr reyndum nautum sem hentuðu við íslenskar aðstæður beint á bú bænda. Þessi aðferð er skilvirk og ódýr í framkvæmd, tekur stuttan tíma að koma af stað eftir að tilskilin leyfi fengjust, hún þyrfti ekki samfélagslegan stuðning og yrði framkvæmd á ábyrgð framleiðenda sjálfra.“

Að mati fagráðs er beinn sæðisinnflutningur hvað skilvirkasta leiðin að því markmiði að íslenskir nautakjötsframleiðendur verði þátttakendur í sjálfbæru ræktunarstarfi og hafi aðgang að reyndum og afkvæmaprófuðum nautum til kynbóta. Því mælir fagráð í nautgriparækt með því að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra heimili framangreindan innflutning á holdanautasæði frá Noregi, að því gefnu að gerðar verði viðeigandi ráðstafanir sem lágmarka sjúkdómahættu nautgripa á Íslandi. Í því sambandi má nefna að fagráði hefur borist ályktun frá Búnaðarsambandi Suðurlands þar sem fram kemur að tilraunabúið á Stóra Ármóti er til reiðu sem sóttvarnarbú við innflutning á erfðaefni nautgripa verði eftir því leitað.“

5. Frjósemi og val á nautsfeðrum.

Guðmundur kynnti minnisblöð varðandi nýtt kynbótamat fyrir frjósemi og val á nautsfeðrum. Fagráð sammála um að halda þeirri vinnu áfram samkvæmt línunum sem lagðar eru þar.

6. Ræktunarmarkmið og áherslur fagráðs.

Ákveðið að fresta umræðum um ræktunarmarkmiðin og áherslur fagráðs til næsta fundar en fram að honum vinni Guðný Helga, Guðmundur og Gunnfríður drög að breytingum á bæði ræktunarmarkmiðunum og áherslunum.

Sigurður sagðist telja að við þyrftum að hugsa hlutina upp á nýtt til þess að ná fram ásættanlegum erfðafrámförum með hliðsjón af skyldleikaræktaraukningu.

Ákveðið að óska eftir því að Þorvaldur Kristjánsson uppfæri tölur um skyldleikaræktaraukningu og virka stofnstærð.

7. Önnur mál.

Bréf frá Búnaðarsambandi Suðurlands varðandi það að tilraunabúið á Stóra Ármóti væri tiltækt sem sóttvarnarbú við innflutning á erfðaefni nautgripa samkvæmt samþykkt stjórnar Búnaðarsambandsins. Sigurður sagðist hafa rætt þetta við Svein Sigurmundsson, framkvæmdastjóra Búnaðarsambands Suðurlands, og hann sagðist telja að Stóra Ármót hentaði mjög til þeirra nota. Aðeins rætt í kjölfarið um innflutning á erfðaefni og hvernig honum gæti verið háttað.

Sigurður ræddi þá ólíðandi stöðu sem komið hefði upp við vinnslu kynbótamats að þessu sinni og þær tafir sem hefðu orðið á því. Slíkt væri ekki hægt að þola og setja yrði inn dagsetningar sem kynbótamat ætti að liggja fyrir hverju sinni. Þá þyrfti að ganga þannig frá málum að vinnsla á kynbótamati byggði ekki á því hvernig aðstæður einstakra manna væru hverju sinni.

Þegar hér var komið sögu yfirgáfu Baldur og Þórarinn fundinn en Sveinbjörn Eyjólfsson mætti til fundar. Rætt var um útgáfu á nautaskrá og ákveðið að prófa nýjar leiðir með útgáfu nú í sumar þar sem eldri naut fengju ítarlegri umfjöllun en síðasta sumar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðný Helga Björnsdóttir

Guðmundur Jóhannesson

Sigurður Loftsson

Baldur Helgi Benjamínsson

Þórarinn Leifsson

Björn S. Gunnarsson

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð síðasta fundar, dags. 16. apríl 2014.

2. Rannsókn á sértækri eftirspurn neytenda eftir íslensku nautakjöti samanborið innflutt, umsókn í þróunarsjóð frá Matis ohf.
3. Rannsókn á sértækri eftirspurn neytenda eftir íslensku nautakjöti samanborið innflutt, rannsókn- eða verkáætlun.
4. Yfirlit yfir naut fædd 2012-14.
5. Naut felld á árinu 2014.
6. Yfirlit yfir naut í sæðistöku.
7. Yfirlit yfir sæðisbirgðir úr nautum f. 2006-08.
8. Niðurstöður kynbótamats í nautgriparækt, júní 2014.
9. Erindi frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu þar sem farið er fram á álit á umsókn LK um heimild til að flytja til landsins sæði úr holdnautum af kyninu Aberdeen Angus frá Geno Global Ltd. í Noregi.
10. Minnisblað um val á nautsfeðrum frá Guðmundi Jóhannesyni.
11. Minnisblað um nýtt kynbótamat fyrir frjósemi frá Guðmundi Jóhannesyni.
12. Bréf frá Búnaðarsambandi Suðurlands, dags. 20. júní 2014, varðandi Stóra Ármót sem sóttvarnarbú.